

Fundargerð

49. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 15. ágúst 2014 kl. 13:30 í fundarsalnum SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mættir:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson

Kópavogsbær:

Sverrir Óskarsson og Ása Richardsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Guðlaug Kristjánsdóttir

Garðabær:

Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Ólafur Ingi Óskarsson

Seltjarnarnesbær:

Bjarni Torfi Álfþórsson og Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðison Hjaltason

Ennfremur sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins sem ritaði fundargerð.

Hrafnkell upplýsti að láðst hefði að setja inn á dagskrá stjórnarkjör sem fyrsta lið og óskaði eftir því að fundarmenn samþykktu afbrigði til að sá liður verði fyrsta mál fundarins.

Samþykkt samhljóða.

1. Kosning formanns

Hrafnkell lagði fram tillögu um að Hjálmar Sveinsson, Reykjavík, yrði kosinn formaður nefndarinnar.

Samþykkt samhljóða.

Nýr formaður tók við stjórn fundarins.

2. Kosning varaformanns og ritara.

Lögð var fram tillaga um kosningu eftirtalinna í embætti varaformanns og ritara.

Í embætti varformanns: Sverrir Óskarsson, Kópavogi

Í embætti ritara: Bryndís Haraldsdóttir, Mosfellsbæ

Samþykkt samhljóða

3. Kosning fulltrúa í framkvæmdanefnd

Lögð var fram tillaga um eftirtalda aðila til setu í framkvæmdanefnd svæðisskipulagsnefndar.

Júlíus Vífill Ingvarsson, Reykjavík

Guðlaug Kristjánsdóttir, Hafnarfirði

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Almar Guðmundsson, Garðabæ
Bjarni Torfi Álfþórsson, Seltjarnarnesi

Samþykkt samhljóða.

Ofangreindir aðilar mynda því framkvæmdanefnd auk formanns, varaformanns og ritara svæðisskipulagsnefndar, sbr. 2. gr. starfsreglna fyrir svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins.

4. Kynning á tillögu að nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins

Hrafnkell fór þá yfir tillögu að nýju svæðisskipulagi sem kynnt var á vinnslustigi á vormánuðum og greindi frá hvaða breytingar hafa orðið á auglýstri tillögu. Niðurstaða fráfarandi svæðisskipulagsnefndar var að með þeim breytingum væri svæðisskipulagstillaga tilbúin til auglýsingar skv. 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Niðurstaða:

Afgreiðslu frestað til næsta fundar

5. Starf svæðisskipulagsnefndar

Hrafnkell kynnti tillögur að starfsáætlun svæðisskipulagsnefndar næstu mánuði.

Samþykkt að næsti fundur svæðisskipulagsnefndar verði föstudaginn 22. Ágúst kl. 14:00.

6. Önnur mál

Fundargerð samþykkt, fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.